

ÞHS

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, SÍMI: 569 9500, FAX: 562 6540

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/394
komudagur 7.12.199

7. desember 1999

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá Þjóðhagsstofnun

Í framhaldi af fundi með nefndinn í morgun fylgja hér með umbeðnar upplýsingar.

1. Minnisblað: *Svar við spurningum JS til ÞHS varðandi sölu 15% af hlut ríkisins í LÍ og BÍ.* Þetta er samhljóða minnisblaði sem lagt var fyrir nefndina í morgun að öðru leyti en því að bætt hefur verið við nokkrum orðum um samband útboðsgengis og markaðsgengis.
2. Tölur um þróun starfsmannafjölda í fjármála og tryggingastarfsemi.

Svar við spurningum JS til PHS varðandi sölu 15% af hlut ríkisins í LÍ og BÍSvör við spurningum 1 og 2.

Heildaráhrif sölu hlutafjárins ráðast kannski ekki síður af hegðun seljanda en kaupenda og því liggur beint við að líta á spurningar 1 og 2 í samhengi. Það ber að hafa í huga að hér er um að ræða tiltölulega litlar fjárhæðir á mælikvarða fjármagnsmarkaðarins í heild (sjá nokkrar kennitölur fjármagnsmarkaðar aftast í þessu skjali). Því verða áhrif sölu hlutafjárins á hlutabréfaverð, vexti og gengi líkast til lítil. Þessu til stuðnings má nefna nýlega sölu hlutafjár í Fjárfestingabanka atvinnulífsins. Þar var um nokkuð hærri fjárhæð að ræða og ekki að merkja að áhrif á fjármagnsmarkað hafi verið mikil.

Hlutafjárkaupin má fjármagna með tilflutningi fjármagns úr öðrum sparnaðarformum, aukinni erlendri lántöku og auknum sparnaði. Minnkun eftirspurnar eftir öðrum verðbréfum hefur áhrif til lækkunar verðs þeirra og hækkunar vaxta. Hér er þó um það litla fjárhæð að ræða að líklegt er að áhrifin verði fremur lítil og tímabundin. Fjármögnun með nýju erlendu lánsfé eða auknum sparnaði hefur hins vegar ekki neikvæð áhrif á verð annarra verðbréfa og slík fjármögnun dregur því úr áhrifum til lækkunar hlutabréfaverðs og hækkunar vaxta. Á heildina litið er því ekki að búast við miklum áhrifum á fjármagnsmarkað vegna hlutafjárssölnunnar.

Við sölnuna fær ríkið fjármagn í hendur. Þegar litið er til hagstjórnar er ráðstöfun söluandvirðisins ekki síður mikilvæg en fjármögnun þess. Frá sjónarmiði hagstjórnar er æskilegt við núverandi aðstæður að ríkið auki ekki útgjöld sín, þ.m.t. fjárfestingar. Slíkt yki eftirspurn og verðbólguhættu. Ef gert er ráð fyrir að ríkið auki ekki útgjöld sín þá eykur salan lánsfjárafgang. Álitamálið er þá hið sama og hvernig beri að ráðstafa lánsfjárafgangi yfirleitt. Ríkið getur greitt niður innlendar skuldir, erlendar skuldir eða lagt féð til geymslu hjá Seðlabankanum. Ef fjármagnið verður notað til greiðslu innlendra skulda þá eru líkur á að heildaráhrif hlutafjárssölnunnar verði hvorki til að draga úr né magna hættuna á þenslu (ef gert er ráð fyrir að kaupendur hafi fjármagnað hlutafjárkaupin með tilfærslu úr öðrum verðbréfum). Til að draga úr þenslu væri æskilegt að söluandvirðið væri notað til að greiða niður erlendar skuldir enda drægi það úr peningamagni í hagkerfinu. Slíkt gæti þó veikt gengið lítils háttar tímabundið. Einnig mætti hugsa sér að ríkissjóður geymdi andvirðið tímabundið á reikningi hjá Seðlabankanum. Sú leið hefur þó þann ókost að þjóðin ber áfram vaxtakostnað af þessu fjármagni.

Hlutafjárukning í Landsbanka og Búnaðarbanka á sl. ári jók útlánagetu þessara banka og því hafa áhrifin vafalítið verið í áttina að auka þensluna í hagkerfinu. Þetta er þó einungis einn margra þátta sem stuðlað hafa að vexti útlána undanfarin misseri. Einnig má nefna mikinn hagvöxt, aukna samkeppni á bankamarkaði og bætt aðgengi að erlendu lánsfjármagni. Þá er ekki útilokað að lánsfjáreftirspurninni hefði að hluta verið fullnægt eftir öðrum leiðum en þeim sem byggðu á umræddri hlutafjárukningu. Það er því erfitt að henda reiður á þætti hennar í þenslunni í hagkerfinu. Sala hlutafjár eins og nú er ráðgerð eykur hins vegar ekki útlánagetu bankanna. Sala er því mun heppilegri en hlutafjárukning við þær aðstæður sem nú ríkja til að ná því markmiði að minnka hlutdeild ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka.

Eðlilegt er að útboðsgengi víki ekki langt frá markaðsgengi. Þó verður að hafa í huga að ef telft er á tæpastu vað og verðþróun á markaði verður óhagstæð frá ákvörðunardegi útboðsgengis til söludags þá gæti það torvelað sölnuna. Á hinn bóginn gæti það einnig haft óæskileg áhrif á markaðinn ef selt er langt undir gengi á markaði. Hugsanlegt er að það

truflaði verðmyndun hlutabréfa bankanna sem fyrir eru á markaði, a.m.k. til skamms tíma. Þá má færa rök fyrir því að áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu verði því meiri því lægra sem útboðsgengið er. Þjóðhagsleg áhrif útboðsgengis sem er fáum prósentum undir markaðsgengi yrðu lítil. Mögulegt er að þeir sem ágóðans nytu hækkuðu útgjöld sín að einhverju marki en þar sem um litlar fjárhæðir væri að ræða yrðu áhrifin á heildareftirspurn hverfandi.

Nokkrar kennitölur fjármagnsmarkaðar

Viðskipti í viðskiptakerfi VÞÍ 1/1/99 – 31/10/99:

Hlutabréf: 98 milljarðar kr.

Alls (öllum verðbréfum): 439 milljarðar kr.

Markaðsvirði verðbréfa á VÞÍ 31/10/99:

Hlutabréf: 325 milljarðar kr.

Öll skráð verðbréf: 788 milljarðar kr.

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri 1/1/99 – 31/10/99: 381 milljarður kr.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Hlutdeild lánastofnana og verðbr. fyrirtækja í ársverkum alls	3,4%	3,5%	3,4%	3,3%	3,2%	3,2%	3,1%
Hlutdeild tryggingafélaga í ársverkum alls	0,4%	0,5%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%
<hr/>							
Hlutdeild lánastofnana og verðbr. fyrirtækja í landsframleiðslu	5,2%	5,4%	5,7%	6,0%	5,4%	4,7%	4,9%
Hlutdeild váttrygg.félaga í landsframleiðslu	0,3%	0,5%	0,8%	0,7%	0,7%	0,5%	0,6%

Fjármálaheftið

STARFSMANNFJÖLDI HJÁ LÁNASTOFNUNUM
OG FYRIRTÆKJUM Í VERÐBRÉFAÞJÓNUSTU
- Stöðugildi í árslok -

Viðskiptabankar og sparisjóðir (stöðugildi við bankastörf)

Ár	Lands- banki 1)	Búnaðar- banki	Íslands- banki	Sparisj.- banki 2)	Spari- sjóðir	Bankar og sparisjóðir samtsals	Reikni- stofa bankanna	Samtsals
1990	1.108,0	486,0	796,0	17,0	424,0	2.831,0	112,5	2.943,5
1991	1.090,0	491,0	795,0	20,0	439,0	2.835,0	113,0	2.948,0
1992	1.034,0	507,0	729,0	20,0	435,0	2.725,0	109,0	2.834,0
1993	931,0	509,0	683,0	26,0	425,4	2.574,4	107,0	2.681,4
1994	927,7	523,0	644,8	29,0	436,2	2.560,7	101,2	2.661,9
1995	921,0	524,0	625,0	36,0	446,7	2.552,7	104,0	2.656,7
1996	903,0	529,0	624,0	40,0	456,2	2.552,2	109,0	2.661,2
1997	904,0	545,0	629,0	53,0	472,2	2.601,2	105,2	2.706,4
1998	904,0	574,0	637,0	62,0	521,6	2.698,6	111,0	2.809,6

Sparisjóðir

	1997	1998
Spsj. Reykjavíkur og nágrennis.....	102,0	125,0
- Hafnarfjarðar	71,0	85,0
- Vélstjóra.....	47,0	53,0
- í Keflavík	39,0	60,0
- Mýrasýslu	25,0	25,0
- Kópavogs.....	28,0	31,0
- Bolungarvíkur.....	12,0	12,0
- Vestmannaeyja.....	13,0	14,0
- Ólafsfjarðar.....	7,0	7,0
- Húnaþings og Stranda.....	9,0	9,5 3)
- Svarfdæla.....	12,0	11,0
- Siglufjarðar.....	7,0	7,0
- Norðlendinga.....	14,0	14,0
Eyrasparisjóður.....	9,4	9,4
Spsj. Suður-Þingeyinga.....	11,5	12,0
- Norðfjarðar.....	9,0	11,0
- Hornafjarðar og nágrennis.....	6,5	6,5
- Þórshafnar og nágrennis.....	4,5	4,5
- Önuarfjarðar.....	3,5	4,5
- Þingeyrarhrepps.....	4,0	4,0
- Ólafsvíkur.....	7,0	5,0
- Hlíðhverflinga.....	3,0	3,0
- Súðavíkur.....	4,6	5,0
- Strandamanna.....	2,0	2,0
- Árneshrepps.....	1,0	1,0
- Hólahrepps.....	0,2	0,2
Samtsals	472,2	521,6

- 1) Starfsm. í Veðdeild eru undanskildir en stöðugildi þar voru 24 í árslok 97 og 15 í árslok 98.
- 2) Sparisjóðabanki Íslands h.é. frá 1.1. 1994 í stað Lánastofnunar sparisjóðanna h.é. sem hóf starfsemi á árinu 1987. Mótalin eru stöðugildi hjá Sambandi íslenskra sparisjóða og Tölvumiðstöð sparisjóðanna, en þau voru alls 26 í árslok 1997 og alls 30 í árslok 1998.
- 3) Sparisjóðir Vestur-Húnaþingsýslu og Sp. Hnúfirðinga voru sameinaðir í Sparisjóð Húnaþings og Stranda á árinu 1998. Tölur v/1997 leiðréttað samkvæmt því.

Fjármálaáættis líkist

STARFSMANNAFJÖLDI (framhald)
- Stöðugildi í árslok -

	1997	1998
Fjárfestingarbankar		
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.	47,0	76,0 1)
Kaupping hf.	66,0	108,0
Samvinnusjóður Íslands hf.	15,0	18,0
Samtals	128,0	202,0
Fjárfestingarlánasjóðir		
Stofnlánadeild landbúnaðarins	7,0	7,0
Byggðastofnun	29,0	29,0
Ferðamálasjóður - (í umsjá og vörslu Búnaðarbanka)		1,0
Hafnabótasjóður - (í umsjá Siglingastofnunar)		
Orkusjóður - (í umsjá Seðlabanka Íslands)	1,0	1,0
Samtals	37,0	38,0
Eignarleigufyrirtæki		
Glimir hf.	24,0	24,0
Lýsing hf.	15,0	21,0
SP-Fjármögnun hf.	8,0	11,0
Samtals	47,0	56,0
Aðrar lánastofnanir en viðskiptabankar og sparisjóðir	Samtals	212,0 296,0

1) Fiskveiðisjóður Íslands, lánasjóður og Útflutningslánasjóður voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. um áramótin 1997/1998. Tölur v/1997 leiðréttar samkvæmt því.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.	32,0	36,0
Fjárvangur hf.	21,0	26,0
Landsbréf hf.	54,0	41,0
Handsal hf.	22,0	14,0
Kaupping Norðurlands hf.	10,0	11,0
Verðbréfastofan hf.	8,0	11,0
Íslenskir fjárfestar hf.	1,0	1,0
Vaxta ehf.	1,0	1,0
Samtals	149,0	141,0